

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM) á Menntavísindasviði var sett á laggirnar 2008 að frumkvæði fagráðs í upplýsingatækni og miðlun við Kennaraháskóla Íslands. Stjórn RANNUM var skipuð í febrúar 2009 og samanstóð af tveimur fulltrúum fagráðsins, Sólveigu Jakobsdóttur, ábyrgðarmanni stofunnar og Stefáni Jökulssyni; einum öðrum starfsmanni HÍ, Ágústu Pálsdóttur; og fulltrúum stuðningsaðila, þeim Guðbergi K. Jónssyni (Heimili og skóli) og Sólveigu Friðriksdóttur (3f – félag um upplýsingatækni og menntun). Salvör Gissurardóttir tók við af Stefáni um sumarið og Þuríður Jóhannsdóttir tók við af henni frá desember 2009. Fjöldi aðila er 35: um helmingur háskólakennarar, flestir við HÍ. Tæpur helmingur er í doktors- eða meistaranámi, langflestir við HÍ. Um þriðjungur tengist öðrum skólastigum. Samræmist það markmiðum RANNUM sem fela m.a. í sér að efla tengsl menntarannsókna við vettvang.

Rannsóknir

Aðilar RANNUM eru virkir í fjölmörgum smærri og stærri rannsóknum og/eða þróunarverkefnum. Þar má nefna doktorsverkefni um kennaramenntun í fjarnámi, miðlalæsi grunnskólanema, upplýsingalæsi framhaldsskólanema, tölvunotkun í framhaldsskóla og tölvunotkun og stafræna gjá í Suður Afrískum grunnskólum.

RANNUM hefur tekið þátt í umfangsmiklu samstarfsverkefni *Starfshættir í grunnskólum sem sem fékk RANNÍS-styrk 2009* og Gerður Óskarsdóttir stýrir. Munu fulltrúar RANNUM sérstaklega skoða þátt upplýsingatækni í þróun grunnskólastarfs. Einn meistaranemi er á vegum RANNUM að vinna starfendarannsókn um innleiðingu og notkun nýrrar einingar í Mentor-kerfinu. Aðilar RANNUM fengu viðbótarstyrk í verkefnið úr Rannsóknasjóði HÍ.

Meðal annarra verkefna sem stofnaðilar hafa komið að er *Fjarnám og blandað nám í framhaldsskólum*. Í því langtímaverkefni (upphaflega styrkt úr Rannsóknarsjóði KHÍ) hefur gögnum verið safnað í öllum framhaldsskólum landsins nokkur undanfarin ár meðal mismunandi hópa.

RANNUM hafði frumkvæði að umsókn í rannsóknasjóð RANNÍS sl. haust. Stefnt var að samstarfi um fjölmörg rannsóknarverkefni tengd nýtingu upplýsingatækni á öllum skólastigum. Sérstaklega var beint sjónum að nýrri læsi og hæfni; fjar- net- og blönduðu námi; og þróun og nýtingu stafrænna miðla í námi og kennslu.

Kynningarstarfsemi

Staðið var að ráðstefnu, í samvinnu við 3f, 2.október 2009. Þemað var Skapandi skólastarf – opnar leiðir í námi og kennslu.

Átta hádegisverðarmálstofur voru haldnar á vegum RANNUM á þriðjudögum. Í um helmingi tilvika var um að ræða framlög fræðimanna við HÍ. Einnig héldu þrír framhaldsnemar erindi um sínar rannsóknir. Glærur, upptökur og annað tengt efni hefur verið gert aðgengilegt á vef RANNUM.

Vefmál voru mjög í deiglu á árinu. Eldri vefur RANNUM var fluttur og þróaður áfram á <http://skrif.hi.is/rannnum>. Heimildasafn hefur verið sett upp í Endnote Web sem allir stofnaðilar hafa aðgang að. Google Docs er jafnframt nýtt sem skjalasafn. Þá var sett upp og þróað tengslanet á Ning (<http://utmidlun.ning.com>). Þar hafa verið stofnaðir allmargir fag- og námshópar m.a. fyrir RANNUM. Fróðlegt verður að sjá hvernig þetta net þróast og hvernig gengur að virkja samfélagið sem þar hefur skráð sig.

Annað

Vísir er kominn að fræðsluefni á RANNUM vefnum. Um er að ræða leiðbeiningar um nýtingu Endnote og Endnote Web í fræðilegum skrifum.

RANNUM aðilar hafa einnig verið fengnir til að veita ráðgjöf og setja fram hugmyndir um þróun fjarkennslu við Menntavísindasvið HÍ.